

Lestu textann og leystu verkefnið.

Ísbjörn



Ísbirnir eru stærstu rándýrin á jörðinni. Þeir eru með hvítan feld sem er góður felulitur á ísnum og í sjónum. Húð ísbjarna er svört. Það sést best á snoppunni þar sem feldurinn er þunnur. Ef ísbjörninn étur mikið af sel getur feldurinn orðið gulur þar sem fitan úr selnum litar feldinn.

Ísbirnir eru kjötætur og borða oft sel. Selir synda hratt. Þess vegna getur verið erfitt fyrir ísbirni að veiða sér sel. Ísbirnirnir eru klókir og bíða við öndunarholur selanna á ísnum. Þegar selurinn stingur síðan hausnum upp um öndunarholuna til að geta andað þá notar ísbjörninn tækifærið og reynir að klófesta selinn með því að draga hann uppá ísinn með stóru hrömmunum sínum. Ísbirnir þurfa ekki að éta á hverjum degi. Ein góð veiði á sel getur dugað ísbirninum í eina viku.



Karldýr ísbjarna kallast björn, kvendýrið kallast birna og afkvæmin eru húnar. Stærstu ísbirnir geta orðið um 700 kíló að þyngd.

Það er fita undir húðinni á ísbirninum sem heldur á honum hita og því líður honum vel í kuldanum. Fitin hjálpar þeim líka að fljóta þegar þeir fá sér sundsprett í sjónum. Þeir geta líka kafað og loka þá nösunum en hafa augun opin.



Hvaða dýr er stærsta rándýrið á jörðinni? _____



Ísbirnir veiða seli til að ?

- ☐ fara í leiki
- ☐ hægt sé að setja þá í sirkús
- ☐ éta

Hvíti liturinn á ísbirninum er góður felu-
litur í snjónum?

☐ já ☐ nei

Afkvæmi ísbjarna eru?

- ☐ birnir
- ☐ birna
- ☐ húnar

Hvað heldur hita á ísbirninum?

- ☐ fita
- ☐ ís
- ☐ selur



Hvað merkir orðið **felulitur**?

- ☐ fallegur litur
- ☐ gott að fela sig
- ☐ leikur

Búðu til eina setningu um ísbjörn.

Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Mundu að vanda skriftina.



Finndu orðin

Þau eru í allar áttir

Q	M	B	I	J	W	N	Z	V	Z	B	Q	E	J
A	N	R	I	B	Q	K	C	Q	A	X	Q	A	P
U	J	M	Y	B	M	B	A	Y	Z	B	X	A	F
F	Q	J	S	Z	O	U	V	F	K	Y	T	N	C
L	A	S	G	W	A	W	O	T	A	R	D	N	U
X	Q	C	M	S	Y	Í	M	R	L	C	K	Ú	H
Z	S	Y	N	D	A	S	S	R	O	W	V	H	T
R	S	G	V	C	X	B	F	W	K	H	S	J	J
D	J	T	J	E	M	J	P		A	E	P	J	A
G	Ó	V	C	Z	I	Ö	N	A	L	J	Q	F	Ð
V	R	R	Z	U	P	R	H	U	T	S	D	H	I
Z	B	P	T	V	Ö	N	R	U	O	I	B	C	E
D	I	H	B	J	W	E	K	K	E	P	F	Q	V
Y	L	P	B	U	O	N	R	Z	L	F	L	T	V

VEIÐA

ÍSBJÖRN

BJÖRN

SYNDA

HÚNN

BIRNA

SELUR

SJÓR

KAFA

FITA

Orð sem tengjast ísbjörnum

Finndu 4 nafnorð og skrifaðu á línurnar hér fyrir neðan		Finndu 4 lýsingarorð og skrifaðu á línurnar hér fyrir neðan
	Raðaðu sagnorðum í stafrófsröð. a á b d ð e é f g h i í j k l m n o ó p r s t u ú v x y ý þ æ ö	
nafnorð	stafrófsröð	lýsingarorð
	1.	
	2.	
	3.	
	4.	
Finndu 4 sagnorð og skrifaðu á línurnar hér fyrir neðan	Leikur 	Búðu til samsettorð
		ís + björn fela + litur rán + dýr sund + sprettur kjöt + æta
sagnorð	leikur - orðflokkar	Samsett orð
		

